

Sjálfsmatsskýrsla 2023

Stapaskóli



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1. Inngangur.....	3
2. Skólinn	3
2.1 Skólastefna Stapaskóla	4
3. Viðfangsefni mats 2022 - 2023	5
4. Helstu niðurstöður sjálfsmats	7
4.1 Skólanámskrá	7
4.2 Lestrarskimanir	7
4.2.1 Lesfimi	7
4.3 Stærðfræðiskimanir	10
4.4 Hljóm -2	11
4.5 Skólapúlsinn.....	12
4.5.1 Nemendakönnun.....	12
4.5.2 Foreldrakönnun	16
4.5.2.1 Leikskólastig.....	16
4.5.2.2 Grunnskólastig.....	21
4.5.4 Starfsmannakönnun	27
4.5.4.1 Leikskólastig.....	28
4.5.4.2 Grunnskólastig.....	33
4.6 Skólaping	40
4.7 Nemendaping	41

5. Samtöl.....	44
5.1 Foreldrasamtöl	45
5.2 Starfsmannasamtöl	45
6. Sálfélagslegt áhættumat.....	45
7. Málþing – Uppgjör teymiskennslu.....	46
8. Framkvæmdamat	51
9. Umbótaáætlun	56
10. Lokaorð.....	57

1. Inngangur

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Skipulag innra mats í Stapaskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og til að Stapaskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls.28-29.

2. Skólinn

Stapaskóli var að ljúka sínu fjórða skólaári. Við skólann starfa um 80 starfsmenn, 324 nemendur í fyrsta til tíunda bekk og 84 nemendur á leikskólastigi. Skólastjóri skólaárið 2022 – 2023 var Gróa Axelsdóttir. Aðstoðarskólastjórar voru Pálína Hildur Sigurðardóttir og Jón Haukur Hafsteinsson.

2.1 Skólastefna Stapaskóla

Einkunnarorð Stapaskóla

GLEÐI - VINÁTTA - SAMVINNA - VIRÐING

- ✓ Í Stapaskóla er mikil áhersla á gleðina, hjá nemendum og starfsfólki. Það er gaman í skólanum og það er gaman í vinnunni. Í jákvæðu umhverfi er auðveldara að læra, leika og starfa. Með gleði að leiðarljósi eykst kímniþáfa, hlátur og vellíðan.
- ✓ Við leggjum áherslu á að sýna hvert öðru vináttu, nemendum, foreldrum og starfsfólki. Við sýnum vináttu með góðum, jákvæðum samskiptum og sýnum hvort öðru samkennd. Með því að sýna hvort öðru áhuga og erum vinnaleg styrkist vináttan.
- ✓ Stapaskóli er teymiskennsluskóli. Þar vinnur allt starfsfólk saman í teymlum að sameiginlegum markmiðum. Nemendur vinna einnig saman í hópum, þvert á hópa og jafnvel þvert á skólastig. Lögð er áhersla á hjálpsami þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín í fjölbreyttum hópi nemenda og starfsfólks.
- ✓ Virðing er að viðurkenna og taka tillit til allra í hópnum, nemenda og starfsmanna. Við sýnum virðingu með því að skilja og virða fjölbreytileika nemenda- og starfsmannahópsins. Við komum fram við aðra á sama hátt og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Í Stapaskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra í skólasamfélaginu. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat, sköpun og tækni með heildstæðum verkefnum og samþættingu námsgreina með það að leiðarljósi að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins.

Stapaskóli er teymisskóli þar sem kennarar og starfsmenn koma saman að skipulagningu- og undirbúningi kennslunnar. Hver árgangur á sína umsjónarkennara. Mikil áhersla er lögð á samvinnu allra nemenda og mismunandi hópaskiptingar í árgöngum.

3. Viðfangsefni mats 2022 - 2023

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetninga mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmanna -stjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skólanámskrá	Skólanámskrá og bekkjarnámskrár unnar	Stjórnendur og kennarar.	Allt skólaárið	Allir starfsmenn	x	x	x						
Lesskimanir	Lesferill/lesfimi. Skimunarpróf Menntamálastofnunar	Kennarar 1. – 10. bekkja í samráði við stjórnendur.	Prisvar á ári	Nem. í 1. - 10. bekk		x		x					
Stærðfræði -skimanir	Hóppróf Talnalínu	Kennarar	Janúar	Nem. í 3., 6. og 8. bekkur.		x		x					
Skóla -púlsinn	Nemendakönnun Starfsmannakönnun Foreldrakönnun	Skólastjórnendur	Allt skólaárið	Nem. í 6. - 10. bekk Starfsfólk Foreldrar	x	x		x		x			
Málþing	Skólaping Nemendaping	Skólastjórnendur	Mars og apríl	Foreldrar Nem. í 7. – 10. bekk	x	x	x	x	x	x	x	x	

Ytra mat	Sálfélagslegt áhættumat	Mannauðsdeild Reykjanesbæjar	Mars	Allir starfsmenn	x				x	x	x	x	x
Samtöl	Mat á fyrirkomulagi samtalsdaga	Skólastjórnendur og kennarar	Tvisvar á ári	Umsjónarkennarar		x		x					
	Starfsmannasamtöl	Skólastjórnendur	Tvisvar á ári	Allir starfsmenn	x				x	x	x		
Málþing - Uppgjör á teymiskennsl	Í lok skólaárs var haldið Málþing Stapaskóla þar sem teymiskennslu og áhugasviðsverkefnum vetrarins voru gerð skil	Stjórnendur	Maí	Allir starfsmenn	x	x		x	x	x			
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram ýmsir viðburðir. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdarmat er gert eftir hvern viðburð	Skólastjórnendur og starfsmenn	Eftir hvern viðburð	Allir starfsmenn	x			x	x	x	x	x	x

4. Helstu niðurstöður sjálfsmats

4.1 Skólanámskrá

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti.

Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næstu skólaár sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

Bekkjarnámskrár fylgja starfsáætlun sem eru unnar af kennurum og stjórnendum að hausti og endurskoðaðar að vori.

Skólanámskrá, starfsáætlun og bekkjarnámskrár eru birtar á heimasíðu skólans.

4.2 Lestrarskimanir

4.2.1 Lesfimi

Lesferill – lesfimi var lagt fyrir í 1. – 10. bekk.

- ✓ 1. bekkur: lesskimunarpróf í september.
- ✓ 1. – 10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.
- ✓ 1. – 10. bekkur: sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:

- ✓ Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla.
- ✓ Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla.
- ✓ Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla.


Kennarar lögðu prófin fyrir og skráðu niðurstöðurnar inn í Skólagáttina og fengu stöðuna á hverjum nemanda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnu út frá henni.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiþrófa voru færðar í Mentor og kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.


Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendum var skipt upp í hópa og unnið markvisst út frá veikleikum og styrkleikum þeirra. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða starfsmann daglega.

Eins og sjá má á þessum tveimur myndum sem sýna fyrirlögn í september og maí sýna nemendur í Stapaskóla framfarir.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Stapaskóli, sept. 2022



Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Stapaskóli, maí 2023




Góður árangur hefur náðst í vetur en enn eru þónokkrir nemendur sem eru ekki að ná lágmarksviðmiðum og verður það verkefni næsta skólaárs að bæta enn frekar úr því.

4.3 Stærðfræðiskimanir

Skimunarprófið Talnalína var lögð fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk í janúar. Í kjölfar skimunar var brugðist við námsþörfum nemenda. Kennarar nýttu m.a. ítarefni Talnalínu í vinnu með nemendum eftir að prófun lauk. Verkefnið er enn nýtt hjá Reykjanesbæ og enn í mótun.

4.4 Hljóm -2

Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem lögð er fyrir elsta árgang leikskólastigs. Skimunin metur hljóðkerfis- og málvitund barna í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Hljóm - 2 er lagt fyrir í október ár hvert en börnin þurfa að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára. Ef barn kemur slakt út er skimunin lögð fyrir aftur eftir þrjá mánuði þar sem þjálfun eftir aðgerðaráætlun hefur átt sér stað.



Niðurstöður sýna samanburð á milli ára eftir fyrri skimun.

4.5 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins teknar en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru kynntar á starfsmannafundum, fyrir skólaráði, fyrir nemendum og eru nýttar til umbóta á innra starfi skólans.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalniukvarða telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Viðmið Stapaskóla er að vera við landsmeðaltal eða sýna betri árangur í öllum þáttum kannananna þriggja.

Ítarlegar niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins er að finna á [heimasíðu skólans](#).

Skólaárið 2022 – 2023 voru allar þrjár kannanirnar lagðar fyrir.

4.5.1 Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í fjögur úrtök á skólaárinu (október, desember, febrúar og apríl) til að svara spurningum í Skólapúlsinum. Voru það 161 nemendur af 173 sem svöruðu nemendakönnuninni, sem gerir 93,1% svarhlutfall.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Virgni nemenda í skólanum – þættir sem falla þar undir eru ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, áhugi á náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsu - þættir sem falla þar undir eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress – ástæður, einelti, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar og hollt mataræði

Skóli og bekkjarandi - þættir sem falla þar undir eru samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats

Opnar spurningar – þar er spurt um hvað nemendum þykir gott við skólann og hvað þeim þykir slæmt við skólann.

Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,1	153	-0,2	4,3	17.174	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	3,8	158	-0,2	4,4	17.236	-0,6*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	160	-0,1	4,7	17.502	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,4	160	-0,4	4,4	17.490	0,0
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,7	160	-0,1	4,4	17.223	-0,7*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	160	-0,1	4,8	17.438	-0,3*

Nemendur í Stapaskóla eru með lakari trú á eigin getu heldur nemendur á landvísu. Við þurfum að efla trú nemenda á eigin getu og vinnu með elju og þrautseigju. Kenna þarf nemendum hvað þrautseigja er ásamt því hvernig við eflum hana og nýtum í leik og starfi. Með tenginu við Uppeldi til ábyrgðar og jákvætt námsumhverfi verður unnið að því að efla trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Verður það

gert með því að kennarar eigi einstaklingssamtöl við sína umsjónarnemendur tvisvar sinnum yfir skólaárið þar sem rætt er um líðan, námslega stöðu og félagslega færni. Auk þess sem lögð er áhersla á vinnu með bekkjarbrag.

Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,5	160	-0,5	4,2	17.149	-0,7*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,7	160	-0,3	4,2	17.125	-0,5*
2.3. Velliðan	3,9	160	-0,3	4,3	17.343	-0,4*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	60	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,3	160	0,3	5,8	17.307	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	12,5%	20/160	-2,8%	15,2%	2702/17248	-2,8%
2.7. Staðir eineltis	-	20	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	43,0%	68/158	2,0%	44,6%	7565/16850	-1,6%
2.9. Holtt mataræði	4,1	160	-0,2	4,6	17.019	-0,5*

Niðurstaðan í þessum þætti er verri en á síðasta ári og verður lögð áhersla á að finna leiðir næsta vetur í samtarfi stjórnenda, kennara og nemenda að því að bæta líðan og seiglu nemenda. Unnið verður með sjálfsstyrkingu nemenda og leitað leiða til að efla ábyrgðatilfinningu þeirra. Með tengingu við Uppeldi til ábyrgðar verður unnið markvisst með þarfagreiningu, jákvæðan bekkjarbrag og eflandi námsumhverfi.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,2	160	-0,2	4,7	16.984	-0,5*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,6	160	-0,2	4,7	17.199	-0,1
3.3. Agi í tímum	4,0	160	-0,2	4,8	17.163	-0,8*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,4	160	-0,2	4,8	17.107	-0,4*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,3	160	0,0	4,8	17.117	-0,5*

Unnið verður markvisst með nemendum að því að skapa góðan bekkjarbrag, m.a. haldnir skipulagðir bekkjarfundir í hverri viku. Enn frekari áhersla lögð á að skólareglum sé framfylgt og þær gerðar sýnilegri í kennslutvenndum og á göngum skólans. Leiðsagnarmat er með virkum hætti nýtt af kennurum en líklega þarf að útskýra það betur fyrir nemendum, hvernig það virkar og hver tilgangurinn sé.

Á nýju skólaári verður lögð meiri áhersla á vinnu með nemendaráði út frá niðurstöðum skólaársins 2022-2023. Mikilvægt er að nemendur taki meiri þátt í tengslum við úrbætur til þess að árangur náist.

Opin svör

Samantekt á opnum svörum.

Hvað finnst þér gott við skólann þinn

- Skólalóðin.
- Fjölbreytt námsumhverfi.
- Tæknin.
- Starfsfólk skólans.
- Öðruvísi kennsluhættir.
- Að skólinn sé alltaf tilbúin til þess að bæta sig.

- Leiðsagnarnám og námsviðtöl.
- Meira frelsi.
- Flæði í smiðjum.
- Ánægja með upphaf skóladags, að skólinn hefjist ekki fyrr en kl. 8:30.

Það sem má betur fara í skólanum

- Að nemendur hlusti betur og fari eftir fyrirmælum, óþarfa truflun og læti í nemendum.
- Umgengni nemenda mætti vera betri.
- Ókurteisi og dónaskapur nemenda við kennara.
- Of mörg verkefni.
- Fleiri borð og stólar.
- Viðvera skólahjúkrunarfræðings.
- Viðhorf kennara til nemenda.

4.5.2 Foreldrakönnun

4.5.2.1 Leikskólastig

Könnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert og er send til foreldra allra barna á leikskólanum. Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal. Lágmarksvarhlutfall í hverjum leikskóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í leikskólanum. Ef svarhlutfall er undir 60% eru niðurstöður ekki birtar. Það voru 76 foreldrar sem fengu senda könnunina og 59 svöruðu henni, sem gerir 77,6% svarhlutfall.

Könnunin mælir 31 þætti í sex flokkum eða daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta auk þess gefst foreldrum tækifæri að skilja eftir opin svör.

Daglegt leikskólastarf

Matspættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	87,5%	49/56	-	90,4%	2976/3286	-2,9%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	84,0%	42/50	-	91,6%	3111/3381	-7,6%*
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	88,6%	39/44	-	93,2%	1868/1999	-4,6%
1.4. Sérþarfir í mataræði	10,5%	6/57	-	14,6%	514/3534	-4,1%
1.5. Hollt mataræði	94,7%	54/57	-	93,3%	3214/3443	1,4%
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	55,2%	32/58	-	88,0%	3102/3526	-32,8%*

Foreldrar eru almennt ánægðir með líðan og starf barnsins síns í leikskólanum. Óánægja er á meðal foreldra með húsnæði og aðstöðu sem verður bætt úr í sumar og á haustdögum.

Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	72,7%	24/33	-	87,2%	1830/2090	-14,5%*
2.2. Aðstaða	80,0%	36/45	-	90,2%	2321/2561	-10,2%*
2.3. Félagsleg samskipti	92,7%	38/41	-	94,3%	2469/2615	-1,6%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	34	-	97,2%	1907/1960	2,8%

Svarhlutfall er lágt og því ber okkur að taka niðurstöðunum af varkárni. Foreldrar eru almennt ánægðir með námsumhverfi barnsins síns.

Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	86,0%	43/50	-	75,8%	2207/2900	10,2%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	74,5%	41/55	-	80,1%	2630/3286	-5,6%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	94,6%	53/56	-	93,1%	3096/3320	1,5%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	81,2%	39/48	-	76,6%	2279/2963	4,6%
3.5. Tímasetning viðburða	84,6%	44/52	-	88,9%	2771/3113	-4,3%
3.6. Heimasíða leikskólans	65,1%	28/43	-	84,9%	2219/2602	-19,8%*

Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með upplýsingaflæðið og að geta komið sínu á framfæri. Einnig er ánægja með samskipti við starfsfólk leikskólans.

Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	63,6%	7/11	-	75,5%	632/837	-11,9%
4.2. Flutningur milli skólastiga	80,0%	8/10	-	64,9%	300/449	15,1%
4.3. Flutningur milli deilda	87,9%	29/33	-	89,7%	1427/1597	-1,8%

Foreldrar eru mjög ánægðir með flutning og samstarf á milli skólastiga.

Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	22,0%	11/50	-	13,7%	424/3087	8,3%*
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	9,1%	5/55	-	10,2%	335/3313	-1,1%

Í sumar og haust verður unnið að úrbótum á húsnæði leikskólastigs með það í huga að bæta starfsaðstæður og salernisaðstöðu. Ljóst er að foreldrar eru almennt ánægðir með starfið hjá barninu sínu og það upplýsingaflæði sem deildarstjórar senda vikulega heim. Leikskólastigið er enn að eflast í leik og starfi og á komandi skólaári verður enn frekar unnið með skólanámsskrá og Uppeldi til ábyrgðar.

Opin svör

Samantekt á opnum svörum.

Hvað finnst þér gott við leikskólann

- Alltaf tekið vel á móti barninu mínu og starfsfólkið leggur sig fram við að þekkja börnin.

- Gott upplýsingaflæði.
- Faglegt starfsfólk og hlýja gagnvart börnunum.
- Útisvæðið.
- Mikið af söng og gleði.
- Vikupistlarnir.
- Forritunarkennsla í samstarfi við grunnskólastig.

Hvað má betur fara í leikskólanum

- Aðstaðan og húsnæðið.
- Hegðun og framkoma barnanna við hvert annað.
- Mætti vera fjölbreyttari efniviður, þ.e. fleiri leikföng.
- Mætti auka foreldrasamstarf.
- Aukin samvinna á milli skólastiga.
- Mætti bæta þrif.
- Mætti auka vettvangsferðir.

4.5.2.2 Grunnskólastig

Dregið var 126 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfi Skólapúlssins. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli (lágmark 60%) hefur verið náð. Voru það 105 foreldrar af 126 foreldrum sem svöruðu könnuninni, sem gerir 83,3% svarhlutfall.

Könnunin mælir 41 þætti í sex flokkum eða viðhorf foreldra til náms og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðningi. Einnig gefst foreldrum tækifæri til að skilja eftir opin svör. Könnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert og er fyrir foreldra nemenda á öllum aldurstigum grunnskólans.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,8	102	-0,5	5,1	5.366	-0,3
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	80,0%	68/85	-12,7%	90,6%	4426/4894	-10,6%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	72,9%	70/96	-14,1%	82,8%	4374/5211	-9,9%*
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	68,1%	62/91	-5,0%	71,0%	3558/4949	-2,9%

Ánægja foreldra með stjórnun skólans lækkar á milli ára en þó telja 80% þeirra sem svara skólanum vera mjög vel eða frekar vel stjórnað. Um 73% foreldra telja þyngd námsefnis vera hæfilegt, á meðan um 13% telja það of þungt og um 15% telja það of létt. Á komandi skólaári verður enn frekar unnið að því að efla starfsfólk í Uppeldi til ábyrgðar sem og að skólareglur verða gerðar sýnilegri í umhverfi nemenda, bæði í kennslutvenndum og á göngum skólans. Unnið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrá grunnskóla þegar nám skólans er skipulagt. Foreldrar eru að kalla eftir frekari leiðbeiningum og upplýsingum í tengslum við kennsluhætti og námsmat og verður þeim boðið að koma á foreldrafund á haustdögum þar sem farið verður yfir þessa þætti.

Velferð nemenda

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,5	91	-0,6	4,6	4.870	-0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	80,9%	76/94	-14,6%	86,2%	4404/5085	-5,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	91,0%	91/100	-1,7%	89,1%	4806/5370	1,9%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	87,0%	87/100	-1,2%	89,5%	4786/5338	-2,5%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	84,8%	84/99	-8,8%	87,7%	4660/5296	-2,9%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	13,4%	13/97	5,0%	10,5%	559/5309	2,9%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	66,7%	10/15	12,9%	52,4%	476/906	14,3%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	62,5%	10/16	1,0%	50,3%	443/891	12,2%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	77,1%	37/48	-4,5%	73,3%	2188/2951	3,8%
2.10. Meðaltímabil eineltis	0,9	18	-0,2	1,4	1.015	-0,5*
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	18	-	-	-	-

Almennt eru foreldrar ánægðir með velferð barnanna sinna í skólanum sem og úrvinnslu á málefnum er tengjast samskiptavanda nemenda. Í ár barst ein formleg tilkynning um einelti á skólaárinu.

Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,9	93	-1,1	5,4	5.233	0,5*
3.2. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	82,0%	73/89	-3,9%	71,1%	3291/4552	10,9%*
3.3. Notkun á mataráskrift	93,9%	92/98	-2,0%	87,9%	4772/5353	6,0%
3.4. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	16,7%	1/6	16,7%	3,2%	17/572	13,6%

Ánægjulegt er að sjá að foreldrar eru almennt ánægðir með aðstöðuna í skólanum sem og máltíðir hjá Skólamat.

Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,9	95	-0,7	4,8	5.082	0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	57,7%	45/78	-3,6%	55,8%	2489/4290	1,9%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	62,7%	42/67	-8,5%	63,6%	2395/3662	-0,9%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	64	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	68	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	91,0%	81/89	-4,6%	93,2%	4741/5086	-2,2%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	96	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	61,2%	52/85	-7,8%	58,0%	2572/4494	3,3%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	88,2%	75/85	-6,7%	87,2%	3536/4053	1,0%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	88,9%	80/90	11,4%	78,8%	3918/4949	10,1%*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	70,3%	71/101	2,2%	69,7%	3712/5250	0,6%

Mikil ánægja er með samstarf heimilis og skóla sem og upplýsingaflæðið.

Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,1	97	-1,0	4,9	5.181	0,2
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,8	96	0,4	4,4	5.140	0,4*
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	70,3%	64/91	-10,1%	74,0%	3654/4862	-3,7%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	61,8%	55/89	-18,6%	57,3%	2819/4941	4,5%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	72,8%	59/81	6,1%	75,9%	2941/4007	-3,1%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	13,6%	11/81	-9,1%	14,2%	628/4007	-0,6%

Niðurstöður í þessum þætti eru jákvæðar, foreldrar hafa almennt verið mjög virkir í að mæta á viðburði skólans, á fundi vegna nemenda og fylgjast almennt vel með námi barna sinna.

Almenn ánægja foreldra með skólastarfið í Stapaskóla. Á nýju skólaári verða fræðslufundir fyrir foreldra þar sem farið verður ítarlega yfir kennsluhætti, námsmat, tæknina sem notast er við í skólanum auk Stapamix á unglingastigi.

Opin svör

Samantekt á opnum svörum foreldra.

Hvað þykir gott við skólann

- Starfsfólkið.
- Skólabyggingin.
- Útisvæðið.
- Fjölbreytt námsumhverfi og kennsluhættir.

- Vikuleg fréttabréf.
- Góð samskipti við starfsfólk.
- Hugarfrelsi.
- Einstaklingsmiðað nám.
- Frelsi í kennslutvenndum.
- Smíðjur.
- Tækni.
- Stapamix.

Hvað má betur fara í skólanum

- Agamál.
- Skólastjórnendur.
- Heimanám.
- Betri kynning á kennsluháttum á unglingastigi, þar er helst minnst á Stapamix og tæknina.
- Fleiri borð og stólar.
- Stærð hópa.
- Eftirfylgd í klefum í Íþróttamiðstöð Akurskóla.

4.5.4 Starfsmannakönnun

Könnunin er lögð fyrir starfsfólk í mars og í Stapaskóla eru tvær mismunandi kannanir lagðar fyrir, annarsvegar fyrir starfsmenn á leikskólastigi og hins vegar fyrir starfsmenn á grunnskólastigi. Í almennum hluta könnunarinnar á leikskólastigi er metinn 21 þáttur auk þess að metnir eru 20 þættir til viðbótar hjá kennurum. Í almennum hluta könnunarinnar á grunnskólastigi eru metnir 22 þættir auk þess að metnir eru 31 þáttur til viðbótar hjá kennurum. Voru það 18 af 20 starfsmönnum á leikskólastigi sem svöruðu könnuninni, sem gerir 90% svarhlutfall, og 61 af 61 starfsmanni á grunnskólastigi, sem gerir 100% svarhlutfall.

4.5.4.1 Leikskólastig

Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	5,8	18	0,2	4,8	1.037	1,0*
1.2. Skýrleiki hlutverks	3,4	18	-1,5	5,3	1.036	-1,9*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,6	18	0,5	4,6	1.035	1,0*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,5	18	0,5	5,1	1.037	-0,6*

Starfsfólk leikskólastigs upplifir mikið álag og er óvísst með sitt hlutverk. Á nýju skólaári verður unnið ítarlega með starfslýsingar og hlutverki hvers og eins gerð góð skil. Í vetur hafa verið mikil forföll starfsfólks vegna veikinda sem hefur áhrif á vinnuumhverfi í leikskólanum.

Starfsfólk

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	3,6	18	-0,4	5,0	1.034	-1,4*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	3,8	18	-0,7	5,2	1.033	-1,4*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,5	18	-1,1	4,6	1.033	-0,1
2.4. Ræktun mannauðs	3,4	18	-1,3	5,5	1.013	-2,1*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	86,7%	13/15	-	55,2%	668/1210	31,5%*
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	84,6%	11/13	-	89,0%	576/647	-4,4%

Skuldbinding starfsfólks til vinnustaðarins hefur því miður dalað frá síðustu könnun. Á nýju skólaári verður unnið markvisst með vinnusiðferði og starfsandann á leikskólastiginu. Ánægjulegt er að sjá hversu ánægt starfsfólkið er með gagnsemi starfsmannasamtala stjórnenda.

Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,2	18	-0,1	5,0	1.031	-0,8*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	2,3	18	-3,1	5,0	1.004	-2,7*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,1	18	-1,2	5,3	1.028	-0,2
3.4. Stuðningur við nýsköpun	4,3	18	-1,1	5,3	1.027	-1,0*
3.5. Mismunur	5,3	18	0,4	4,6	1.026	0,7
3.6. Einelti (þú)	11,1%	2/18	11,1%	4,6%	47/1026	6,5%
3.7. Einelti (annar en þú)	55,6%	10/18	55,6%	12,9%	132/1022	42,7%*
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	5,6%	1/18	5,6%	4,2%	43/1022	1,4%
3.9. Kynferðisleg áreitni	0%	0/18	-	0,6%	6/1025	-0,6%

Starfsfólk er óánægt með vinnuaðstöðuna og finnst vanta upp á stuðning í starfi. Í sumar og haust verða gerðar breytingar á húsnæði leikskólastig með það að augum að bæta starfsumhverfið. Unnið var með samskiptavanda á milli starfsmanna en enginn formleg tilkynning barst.

Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	1,7	18	-2,8	5,3	965	-3,6*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	2,0	18	-2,1	5,2	962	-3,2*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	3,2	18	-1,1	5,7	955	-2,5*
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	3,0	18	-	5,0	540	-2,0*
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	4,2	18	-	5,0	540	-0,8*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	3,7	17	-	5,0	537	-1,3*

Starfsmenn leikskólastigs eru óánægðir með stjórnun og stuðning. Á vordögum var unnið með deildarstjórum að valdeflingu og teymisvinnu með það í huga að efla traust og fagmennsku í starfi. Mun sú vinna halda áfram á haustdögum með öllum starfsmannahópnum í anda Uppeldi til ábyrgðar.

Uppeldi og menntun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Trú á eigin getu við umönnun barna	5,4	17	-	5,0	1.248	0,4
5.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag	4,2	18	-0,7	4,5	1.250	-0,3
5.3. Samstarf í leikskólanum	5,7	17	2,0	5,1	1.230	0,6
5.4. Virkar samræður um starfið	4,9	14	0,3	5,0	1.136	-0,1
5.5. Virkni foreldra í leikskólastarfinu	5,3	14	0,5	5,6	1.166	-0,3
5.6. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	58,3%	7/12	-8,4%	66,8%	560/838	-8,5%
5.7. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	37,5%	6/16	-37,5%	75,8%	828/1093	-38,3%*
5.8. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	23,1%	3/13	-64,4%	69,6%	729/1048	-46,5%*

Ánægjulegt að sjá að starfsfólk hefur trú á sjálfum sér við umönnun barna. Óánægja er með stuðning og ráðgjöf sérfræðinga utan skólans. Starfsfólk myndi gjarnan vilja sjá aukningu á stöðugildum til þess að sinna stuðningi við börn með sérþarfir.

Símenntun og undirbúningstími

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	80,0%	12/15	-20,0%	81,5%	874/1072	-1,5%
6.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	25,0%	3/12	-46,4%	71,0%	607/855	-46,0%*
6.3. Þátttaka í þróunarstarfi	33,3%	5/15	-11,1%	38,1%	454/1191	-4,8%
6.4. Símenntunarpörf starfsfólks	4,1	14	-1,3	4,2	1.097	-0,1
6.5. Símenntunarpörf starfsfólks (annað)	-	2	-	-	-	-
6.6. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	66,7%	10/15	29,2%	54,7%	649/1186	12,0%
6.7. Hindranir í símenntun starfsfólks	57,1%	4/7	-42,9%	50,3%	268/533	6,8%
6.8. Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	1	-	-	-	-

Starfsfólkið telur það fái ekki nægan undirbúningstíma auk þess sem tækifæri til þátttöku í þróunarstarfi er ekki næg. Í vetur hafa verið mikil forföll starfsfólks vegna veikinda sem hefur áhrif á þennan þátt.

Starfsfólk leikskólastigs hafa trú á vinnu sinni með börnunum, eru ánægð með samskipti sín á milli og við foreldra. Frá því að könnun fór fram þar til nú finna starfsmenn mikla breytingu á starfsanda og stjórnun til hins betra. Á nýju skólaári verður farið í markvissa vinna með Uppeldi til ábyrgðar þar sem farið verður ítarlega í hlutverk allra og starfsandavinnu. Endurbætur á húsnæði munu fara fram í sumar og haust.

Opin svör

Hvað er gott við vinnustaðinn þinn

- Góður starfsandi.

- Mikill vinskapur á milli starfsmanna.
- Allir hjálplegir og hrósa.
- Samskipti við börnin og foreldra.

Hvað má betur fara á vinnustaðnum þínum

- Húsnæðið.
- Vinnuaðstæður.
- Mannekla.
- Álag

4.5.4.2 Grunnskólastig

Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,8	57	0,0	4,7	1.702	0,1
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,5	57	0,6	4,7	1.699	-0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,0	57	-0,7	5,0	1.698	0,0
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,9	57	-0,1	4,9	1.702	0,0

Starfsmenn finna fyrir nokkru vinnuálagi í starfi sínu en virðast þó þekkja hlutverk sitt og starfslýsingu nokkuð vel.

Starfsfólk

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,7	55	0,3	4,8	1.690	-0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,6	55	0,4	5,0	1.687	0,6*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,0	55	-0,2	5,0	1.688	0,0
2.4. Ræktun mannauðs	5,6	55	0,9	5,1	1.641	0,5*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	89,6%	43/48	58,5%	75,3%	1162/1544	14,3%*
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	90,5%	38/42	-1,2%	88,5%	964/1089	2,0%

Almenn ánægja er með vinnustaðinn, starfsfólkið telur hann veita þeim hvatningu til þess að leggja sig fram og gera vel auk þess sem þeirra gildi samræmast gildum skólans. Mikil ánægja er með gagnsemi starfsmannasamtala stjórnenda.

Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,7	55	0,9	5,1	1.686	0,6*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	6,2	54	-0,2	4,5	1.629	1,7*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,5	55	0,2	5,1	1.677	0,4
3.4. Stuðningur við nýsköpun	5,5	55	0,4	5,2	1.672	0,3
3.5. Mismunur	4,6	55	0,5	4,8	1.675	-0,2
3.6. Einelti (þú)	3,6%	2/55	-0,6%	3,4%	56/1671	0,2%
3.7. Einelti (annar en þú)	12,7%	7/55	4,4%	10,4%	172/1659	2,3%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	3,6%	2/55	-0,6%	4,5%	75/1659	-0,9%
3.9. Kynferðisleg áreitni	1,8%	1/55	-	0,5%	9/1677	1,3%

Starfsfólk telur starfsandann almennt vera hvetjandi og styðjandi, afslappaðan og þægilegan. Ánægja starfsfólks með vinnuaðstöðuna er mikil.

Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,4	55	1,1	5,3	1.648	0,1
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,2	55	1,0	5,2	1.646	0,0
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,5	55	0,9	5,1	1.634	0,4
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,2	55	-	5,0	642	0,2
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	5,2	55	-	5,0	641	0,2
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	5,5	55	-	5,0	637	0,5*

Starfsfólkið er ánægt með stjórnun skólans og forystu næsta yfirmanns.

Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	6,4	32	0,2	5,0	938	1,4*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,0	31	0,5	5,0	927	0,0
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,7	29	0,1	4,9	779	0,8*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	38,3 mín	29	-11,7 mín	35,4 mín	802	2,9 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	81,2%	26/32	18,7%	65,8%	624/949	15,4%*
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	51,6%	16/31	16,8%	50,4%	445/883	1,2%
5.7. Hópavinna í bekk	33,3%	10/30	4,1%	33,7%	286/848	-0,4%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	46,4%	13/28	1,4%	31,0%	276/890	15,4%*
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	64,5%	20/31	38,4%	57,3%	520/907	7,2%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	7,4%	2/27	-11,6%	9,0%	77/852	-1,6%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	87,1%	27/31	4,5%	77,9%	716/919	9,2%

Kennarar við skólann eru afar ánægðir í starfi sínu við Stapaskóla.

Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,5	28	0,0	5,3	843	0,2
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,8	28	0,2	5,2	836	0,6*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,9	32	1,6	5,2	928	1,7*
6.4. Samráð um kennslu	5,9	31	0,5	5,3	897	0,6*
6.5. Samvinna um kennslu	6,4	28	0,1	5,7	809	0,7*

Kennarar við skólann eru mjög ánægðir með starfsumhverfi sitt í Stapaskóla.

Kennarar – Símenntun kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	75,9%	22/29	13,4%	46,4%	422/909	29,5%*
7.2. Símenntunarþörf kennara	7,1	31	1,8	6,4	911	0,7*
7.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	40,0%	12/30	10,8%	48,0%	441/919	-8,0%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	29	-	-	-	-

Kennarar eru afar ánægðir með sína símenntun. Þeir eru duglegir að efla sig í starfi og sækja sér endurmenntunar.

Starfsfólk grunnskólastigs er almennt ánægt í starfi sínu við Stapaskóla. Starfsandinn er góður, það er samheldni í hópnum og fólk er til staðar fyrir hvert annað. Kennarar eru mun öruggari í fjölbreyttum kennsluháttum og finna mikinn mun frá síðustu könnun á einstaklingsmiðuðu námi, hópastarfi og heildrænni kennslu árganga. Traust ríkir á milli starfsmanna og stjórnenda skólans.

Opin svör

Hvað finnst þér gott við vinnustaðinn þinn

- Starfsandinn.
- Teymisvinna.
- Stjórnun skólans.
- Samheldni og samstaða starfsfólks.
- Nútímalegir kennsluhættir.
- Starfsumhverfið.
- Vinnuaðstæður.
- Gleði og ánægja.
- Framsækni.
- Traust.

Hvað má betur fara á vinnustaðnum þínum

- Vantar upp á virðingu nemenda.
- Upplýsingaflæði.
- Skýrari agastefna.
- Fleiri borð og stóla.
- Meiri endurgjöf og leiðsögn.

4.6 Skólaþing

Þann 16. mars var haldið skólaþing Stapaskóla í fyrsta skipti þar sem foreldrum barna á leik- og grunnskólastigi var boðið að koma og taka þátt í að efla skólastarf og þróun þess. Yfirskrift þingsins var, Hvað einkennir góðan skóla? og var unnið út frá þremur megin þáttum, námsumhverfi, kennsluhættir og samstarf heimilis og skóla. Þingið hófst á erindi frá Heimili og skóla, Sigurður Sigurðsson kynnti félagið og það sem það hefur upp á að bjóða. Á þingið mættu um þrjátíu foreldrar. Hér má sjá helstu niðurstöður úr umræðum hópanna.

Námsumhverfi

- Meiri tíma með kennurum í námssamtölum.
- Kennurum skortir meiri tíma í endurgjöf.
- Mikilvægt að námsumhverfi sé fjölbreytt en vanti jafnframt fleiri borð og stóla.
- Snjalltæki nýtt vel og um leið léttir skólatöskuna.
- Tvenndir virka vel heilt yfir, einstaka hópar valda truflunum en nemendur hafa tækifæri til að fara í minna rými.
- Kennarar eru félagar, spjalla á göngunum.
- Flott aðstaða í smíðastofu.
- Nýsköpunarnám.
- Aðlögun að þörfum hvers barns.

Kennsluhættir

- Vantar kennslu í fingrasetningu.
- Kennsluhætti í skrift á yngsta stig mætti bæta.
- Stapamix í góðri þróun, mætti kynna enn betur fyrir foreldrum hvernig gengur að þróa það.
- Leiðsagnanám, nemendur læra um eigin hæfniviðmið.
- Skiljanlegri einkunnargjöf.
- Aðstoða skóla við heimanám.
- Skipulagðari handverkskennslu.

Samstarf heimilis og skóla

- Betri upplýsingaflæði frá skóla og hafa á einum stað.
- Mikilvægt að upplýsa foreldra um líðan nemenda og námsárangur.
- Kennarar mættu taka virkari þátt í að efla foreldra í foreldrahópefli fyrir bekkinn.
- Gott samband við kennara og starfsfólk og auðvelt að nálgast það.
- Mikilvægt að efla móttöku nemenda.
- Áhyggjur af áhugaleysi foreldra á viðburði, slök mæting þeirra.
- Hugmynd að fá bekkjarfulltrúa í alla árganga þar sem þeir skiptast á að halda viðburði sem tengdir eru við hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla.
- Foreldrafræðslu.
- Meiri endurgjöf og skilning á námsmati.

Gott og gagnlegt er að sjá viðhorf og ábendingar skólasamfélagsins á skólastarfið í Stapaskóla. Í haust verður foreldrum á grunnskólastigi boðið að koma á námsmatsfundum, farið verður ítarlega yfir námsmat og kennsluhætti. Lögð verður fyrir könnun meðal foreldra til að sjá hvaða tími hentar þeim best til að mæta á fræðslu og viðburði á skólatíma.

4.7 Nemendaping

Þann 27. apríl var haldið nemendaping hjá 7. – 10. bekk í Stapaskóla í fyrsta skipti. Markmið með þinginu var að veita nemendum tækifæri á að hafa áhrif og koma með sín sjónarhorn. Í ár var áherslan á, upphaf og skipulag skóladags, félagslífið, námsumhverfi og skólabrag, samskipti og símar.

Upphaf og skipulag skóladags

- Gott að vera alltaf í sömu kennslutvennd.
- Ánægð með að skólinn hefjist klukkan 8:30.
- Að það megi ráða hvaða verkefni eigi að vinna hverju sinni.
- Að hafa tónlist í matsal.

- Ánægja með breytingar á Stapamixi eftir að kjarnavika var sett inn.
- Frjálst sætaval.
- Fjölbreytt verkefni.
- Of stór kennslurými.
- Gott að hafa slökun í upphaf dags.
- Val um hvaða tækni þau nota hverju sinni.
- Of stuttar frímínútur.
- Sumir skóladagar eru of langir.
- Hafa smíði, myndlist og textíl í sitthvoru lagi.
- Danska á að vera val.
- Kennarar eyða allri sinni orku í strákana.

Félagslíf (í skólanum og utan skóla)

- Nemendaráð að gera góða hluti.
- Ánægja með nýja rennibraut í Vatnaveröld.
- Fjörheimar eru að gera góða hluti. Væri gott ef nemendur í Innri Njarðvík gætu hist áður og farið samferða.
- Miðvikudagskeppnin er skemmtileg.
- Mikil ánægja með skólalóðina.
- Þemadagar og föstudags þema eru skemmtileg viðbót við skólastarfið
- Gott væri að skólinn myndi halda viðburði sem starfsfólk myndi taka þátt í.
- Huga mætti að því að opin hús væru ekki alltaf á sama degi vikunnar.

Námsumhverfi og skólabragur

- Ánægja með frjálst sætaval.
- Ánægja með sveigjanleika í hópavinnu á milli árganga.
- Ánægja með að salerni eru ekki kynjaskipt.
- Ánægja með nýtingu á tækni við kennslu.

- Ánægja með lýsingu í tvenndum.
- Ánægja með námsumhverfi, opin rými, fjölbreytt húsgögn, bjart og litríkt umhverfi o.s.frv.
- Ánægja með fótboltaspilið og borðtennisborðið.
- Ánægja með athvarf á bókasafninu.
- Ánægja með þann tæknibúnað sem nemendur hafa aðgang að.
- Ánægja með að fá að skipuleggja daginn sinn sjálfur og hafa stjórn á verkefnavinnunni.
- Ánægja með fjölbreytt námsmat, ekki mikil áhersla á próf og kannanir.
- Kennarar mættu beita meiri aga- og bekkjarstjórnun til að koma í veg fyrir óþarfa truflun og hávaða í tvenndum. Rætt mismunum kynjanna, að drengir komist upp með meira en stúlkur.
- Vantar gardínur í kennslutvenndir. Auk þess sem nemendur óska eftir fleiri borðum og stólum, grjónapúðum, sófa og klukkur á vegg.
- Virðingarleysi nemenda við kennara og starfsfólk.
- Óánægja með kynjaskiptar íþróttir.

Samskipti

- Skoðanir allra virtar.
- Almennt góð samskipti, talað um hrós, kurteisi og virðingu.
- Nemendur upplifa að kennarar og starfsfólk hlusti á þá, traust ríkir á milli aðila.
- Allir fá að vera þeir sjálfir.
- Fjölbreytt verkefni sem reyna á samskipti nemenda.
- Hópamyndanir á neikvæðan hátt.
- Slæmt orðbragð.
- Skotmenning.
- Kennara verða fljótt pirraðir og hlusta ekki alltaf á nemendur.

Símar

- Alltaf hægt að ná í foreldra og foreldrar geta alltaf náð í nemendur.
- Ef eitthvað slæmt gerist þá er alltaf hægt að hringja í 112.

- Hægt að nota símann í tengslum við námið.
- Síminn er líka klukka.
- Gott að fá að nota símann í frímínútum.
- Gott að geta hlustað á tónlist í símanum.
- Skipulagstæki.
- Öryggistæki á félagslegan hátt.
- Símar geta verið truflandi.
- Síminn getur verið notaður í slæmum tilgangi, t.d. við myndatökur.
- Misnotkun samfélagsmiðla.
- Símtæki geta skemmst.
- Sumir eru of mikið í símanum og erfitt er að eiga samskipti við viðkomandi.

Nú þegar hefur verið komið til móts við óskir nemenda, m.a. með því að fjölga borðum og stólum og Stapamix var endurskoðað og kjarnavika sett inn. Á komandi skólaári verða stundatöflur skipulagðar með öðrum hætti þar sem að íþróttahús og sundlaug verður komið í gagnið og þá ætti skóladagurinn að verða jafnari. Unnið verður frekar úr ábendingum nemenda í samstarfi við nemendaráð og nemendur á unglingastigi. Með því að vinna frekar með Uppeldi til ábyrgðar ættu kennarar og starfsfólk að verða öruggari í samskiptum sínum við nemendur sem hefur jákvæð áhrif á skólabrag og bekkjaranda. Á næsta fjárhagsári gefst tækifæri á því að kaupa gardínur í appelsínugulu kennslutvennd á annarri hæð. Áhugavert er að sjá viðhorf nemenda til símtækja, bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar sem vert er að skoða enn frekar með öllu skólasamfélagi Stapaskóla í haust.

Hér eftir verður skólaþing og nemendaþing haldið árlega.

5. Samtöl

Hér er gerð grein fyrir foreldrasamtölum og starfsmannasamtölum.

5.1 Foreldrasamtöl

Í október var foreldrum boðið á foreldrafund þar sem fyrirkomulagið var með þeim hætti að hver tvennd var með sameiginlegan fund um helstu áherslur skólans og árgangsins. Foreldrum boðið að koma í skólann til að eiga samtál við kennara ásamt barninu sínu. Einnig var boðið upp á samtál í gegnum fjarfundarbúnað fyrir þá sem ekki komust á staðinn af einhverjum ástæðum.

Á leikskólastigi voru foreldrasamtöl í október og aftur í maí. Þá voru m.a. kynntar niðurstöður úr Hljóm-2 könnun sem er lagt fyrir elstu börn leikskólans á hverju hausti.

5.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram í nóvember og febrúar. Í fyrra samtali var lögð áhersla á styrkleika, eðli verkefna, þörf fyrir þjálfun/símenntun, persónuleg markmið fyrir komandi mánuði og í seinna samtali var áherslan á hvað megi gera betur, stjórnun, samskipti, mat á árangri og framtíðin. Stjórnendur unnu að greiningu til umbóta úr niðurstöðum samtalanna.

6. Sálfélagslegt áhættumat

Reykjanesbær hefur ákveðið að framkvæma sálfélagslegt áhættumat á öllum stofnunum sveitarfélagsins sem er í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Tilgangur áhættumatsins er að kanna og bæta sálfélagslegar aðstæður starfsfólks. Mannauðsdeild Reykjanesbæjar framkvæmdi matið og er því um ytri mat að ræða. Starfsmannahópi Stapaskóla skipt upp í litla hópa og fékk það tækifæri á að undirbúa sig og lesa yfir spurningar sem lagðar voru fram. Svörin voru ekki rekjanleg og fékk starfsfólk að koma sínu óhindrað á framfæri. Þeir starfsmenn sem komust ekki eða treystu sér ekki í hópsamtal fengu tækifæri á að koma í einstaklingsviðtal eða skila inn skriflegum svörum.

Stjórnendur fengu niðurstöður afhentar ásamt tillögum að umbótum.

Þeir þættir sem voru skoðaðir eru eftirfarandi:

- Vinnutími.

- Tímaþröng.
- Tilbreytingaleysi, einhæfni.
- Athafnafrelsi, svigrúm.
- Stuðningur.
- Einvera við vinnu.
- Samskipti.
- Upplýsingaflæði og boðleiðir.
- Samsetning starfshópsins.
- Öryggi.
- Breytingar í vinnuumhverfinu.
- Áhættumat vegna EKKO.
- Annað.

Niðurstöður komu ágætlega út og eru í samræmi við niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins. Ýmsar ábendingar komu sem reynt hefur verið að bregðast við og áfram verður leitað umbóta á nýju skólaári.

7. Málþing – Uppgjör teymiskennslu

Á vordögum var Málþing Stapaskóla haldið þar sem kennsla vetrarins var gerð upp og var gestum boðið í fyrsta sinn velkomið að koma og hlýða á erindin. Þar kynntu kennarateymin af öllum skólastigum eitt verkefni frá vetrinum í anda áhugasviðsverkefna og þróunarstarfs. Í ár voru tíu verkefni kynnt. Einkar áhugavert var að sjá og heyra það fjölbreytta skólastarf sem á sér stað í Stapaskóla. Þegar kynningum var lokið bauð skólinn upp á hádegismat áður haldið var í næsta verkefni, eftir hádegi.

Starfsfólki var skipt í litla vinnuhópa þar sem unnið var með fjórar af fimm stefnuáherslum í menntastefnu Reykjanesbæjar sem ber heitið Með opnum hug og gleði í hjarta. Áherslurnar ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi. Að líða vel í eigin skinni skiptir öllu máli hjá börnum og fullorðnum.

Áherslurnar eru:

- Mér líður vel.
- Allir með.
- Opnum hugann.
- Sköpunargleði.

Hér að neðan má sjá niðurstöður vinnunnar.

Mér líður vel	
Til hvers erum við að vinna með vellíðan: • Gleði stuðlar að virkni og áhuga. • Andleg og líkamleg heilsa er mikilvæg til þess að líða vel. • Til að nemendur séu tilbúnir til þess að vinna með okkur. • Til þess að við sem kennarar getum sinnt starfinu okkar. • Samskipti verða betri. • Meiri árangur ef öllum líður vel. • Hefur jákvæð áhrif á ástundun nemenda og starfsmanna. • Vellíðan er smitandi. Hvað gerir þú til að stuðla að heilbrigði þínu: • Hreyfing. • Nægur svefn. • Passa næringu. • Samvera við fjölskyldu og vini og efla félagsleg tengsl. • Sinna áhugamáli. • Útivera.	Hvað gerum við til að stuðla að vellíðan hjá nemendum: • Tengja við áhugasvið þeirra. • Gefa þeim tíma og vera til staðar. • Sýna áhuga. • Sýna nemendum virðingu. • Umburðarlyndi. • Hvatning og hrós. • Fjölbreyttir kennsluhættir. • Einstaklingsmiðun, mæta þörfum nemenda. • Huga að eigin vellíðan, það smitast til nemenda. • Bekkjarandavinna. • Hrós og endurgjöf. Hvernig stuðlar þú að gleði í skólastarfinu og starfsumhverfi þínu: • Jákvætt viðhorf. • Virðing. • Styðja, hvetja og hrósa. • Fjölbreytt námsumhverfi. • Læra í gegnum leik. • Hjálpsami.

	• Skipulag. • Vera undirbúin. • Húmor. • Bros, hlátur og gleði. - Áhugasviðsverkefni.
--	---

Opnum hugann	
Læsi og skilningur er grunnur að öllu námi. Hvernig stuðlar þú að þroska og víðsýni meðal nemenda: • Nemendur læri að setja sig í spor annara. • Kynna fyrir nemendum fjölbreytileikann í samfélaginu. • Fjölbreytt verkefni í læsi í ritun. • Vera fyrirmynd og lesa með nemendum. • Hafa fjölbreyttar fyrirmyndir í námsefninu. • Lesa saman og ræða það sem er að gerast í samfélaginu. • Vera með krefjandi verkefni sem reyna á gagnrýna hugsun. • Kynna ólíkar aðstæður, viðhorf og skoðanir. • Spyrja opinna spurninga. • Efla nemendur í að greina gæði heimilda. Gagnrýnin hugsun – af hverju: • Það hafa allir rétt á sínum skoðunum. • Segðu ekki allt sem þú hugsar, hugsaðu allt sem þú segir. • Svo við séum ekki í fastmótuðu hugarfari. • Undirbýr þig fyrir lífið. • Sjá ólík sjónarhorn. • Læra að setja sig í fótspor annarra. • Til að átta sig á því hvað við gerum vel og hvað við getum gert betur.	Hvernig talar þú við nemendur um það sem við heyrum, sjáum og finnum: • Gefa sér tíma til að hlusta • Sýna þeim að tilfinningar þeirra eigi rétt á sér • Sýna væntumþykju. • Umburðarlyndi. • Hjálpa þeim að leysa úr vandamálum. • Notum aðferðir Uppeldi til ábyrgðar. • Stíga með nemendum út úr aðstæðum. • Farið sáttarleiðina, reynt að átta sig á ástæðum á bakvið hegðun. • Fá nemendur til að setja sig í spor annarra. • Fá nemendur til að hugsa sjálf og finna lausnir.

Allir með

Hvað skiptir þig máli í samskiptum:

- Virðing og kurteisi.
- Virk hlustun.
- Heiðarleiki.
- Gleði.
- Umburðarlyndi.
- Samkennd.
- Væntumþykja.
- Vinsemd.
- Jákvæðni.
- Þolinmæði.
- Hreinskilni.
- Geta tekið gagnrýni.
- Traust.
- Stuðningur.
- Áhugi.

Hvernig er þinn uppáhalds vinnustaður:

- Góður starfsandi.
- Skipulagður.
- Traustur.
- Fjölbreyttur.
- Hjálpssemi.
- Samheldni.
- Stuðningur.
- Gleði.
- Hvetjandi.

Hvernig aðstoðar þú nemendur við að auka félagsfærni og kunnáttu:

- Ræða mannleg samskipti.
- Félagsfærniþjálfun.
- Vinna með tilfinningafærni.
- Auka samvinnu.
- Nota leikþætti í vinnu með nemendur.
- Uppbyggileg endurgjöf.
- Kenna seiglu og þrautseigju.
- Blanda ólíkum hópum saman.
- Vinna með fjölbreytileika.
- Efla umburðarlyndi.
- Vera góðar fyrirmyndir.
- Verkfærakista KVAN.

- Metnaðarfullur.
- Lausnamiðaður.
- Jákvæð samskipti og virðing.
- Góða vinnuaðstæður.
- Jákvæðir og sanngjarnir stjórnendur.

Sköpunargleði

Skapar þú aðstæður í starfi þínu með nemendum okkar þar sem forvitni, ímyndunarafl, áhugi, leit og leikur fær að blómstra – hvernig þá:

- Áhugasviðstengd verkefni.
- Fjölbreytt námsumhverfi.
- Könnunaraðferðin.
- Nýta tæknina.
- Nota fjölbreyttan efnivið.
- Útikennsla.
- Þemaverkefni.
- Nota opin efnivið sem hvetur til sköpunar.
- Leikjamiðað nám.

Ertu dugleg/ur að sækja þér nýja þekkingu – hvernig þá:

- Málþing.
- Fræðsla á netinu.
- Skólaheimsóknir.
- Fá hugmyndir frá samstarfsfólki.
- Heimildarþættir.
- Hlaðvörp.
- Pinterest.
- Twitter.
- Lestur bóka.
- Sækja námsskeið.

Á málþinginu var ánægjulegt að sjá alla fjölbreytnina í skólastarfinu og hvernig teymiskennslan gengur hjá okkur sem og vinna með áhugasvið nemenda. Má með sanni segja að gróska, fjölbreytni, sköpun og samvinna einkenni skólastarf Stapaskóla. Skólastarfið er í sífelldri þróun, mikið er um samþættingu námsgreina, hringekjur og hópavinna eiga stóran sess og aldursblöndun er sífellt að aukast. Starfsfólkið leggur sig fram um að skapa umhverfi þar sem nemendur fá að blómstra. Það er einnig ánægjulegt að sjá að starfsmenn sjái og nýti styrkleika sína og þau tækifæri sem Stapaskóli og okkar þróunarstarf býður upp á. Það er mikilvægt er að vera dugleg að endurmeta og rýna í starfið og sjálfan sig jafnt og þétt yfir skólaárið. Lykillinn að góðu skólastarfi og vellíðan er að huga vel að heilsu sinni og að vera dugleg að leita ráða.

8. Framkvæmdamat

Viðburðir:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur og starfsmenn	Skólasetning fór fram þriðjudaginn 23. ágúst í Stapaskóla. Skólasetning var með hefðbundnu sniði. Hófst á sal skólans þar sem skólastjóri flutti stutt ávarp. Að því loknu fóru nemendur með sínum umsjónarkennurum inn í kennslutvenndir. Nemendur fóru heim að lokinni skólasetningu. Kl. 09:00 mættu nemendur í 3., 5., 7. og 9. bekk. Kl. 10:30 mættu nemendur í 2., 4., 6., 8., og 10. bekkur. Kl. 13:00 mættu nemendur í 1. bekk. Nemendur fengu rós afhenta í tilefni dagsins.
Ólympíuhlaup ÍSÍ	Allir starfsmenn	Ólympíuhlaup ÍSÍ var með breyttu sniði þetta árið en miðvikudaginn 7. september tóku nemendur Stapaskóla þátt í Friðarhlaupinu. Friðarhlaupið er alþjóðlegt kyndilboðhlaup. Tilgangur hlaupsins er að efla frið, vináttu og skilning manna og menningarheima á milli. Sem tákni um þessa viðleitni bera hlaupararnir logandi kyndil, sem berst manna á milli í þúsundum byggðarlaga í yfir hundrað löndum. 1. - 10. bekkur ásamt elstu deild leikskólastigs (Óskasteinn) hittust á malarplaninu fyrir ofan leikskólalóðina klukkan 10:10. Þar tók Friðarhlaupsliðið, sem inniheldur hlaupara frá ýmsum löndum t.d. Rúmeníu, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Íslandi og fleiri löndum, á móti okkur, þau sögðu nokkur vel valin orð, sungu Friðarhlaupslagið og Jóna Helena íþróttakennari kveikti svo á Friðarhlaupskyndlinum. Óskasteinn lagði fyrstur af stað, 1.bekkur þar á eftir og svo koll af kolli. Hver árgangur fékk 5-10 mínútur þar sem nemendur höfðu tækifæri á að hlaupa í smá stund með kyndilinn – góð og skemmtileg upplifun fyrir nemendur. Að loknu hlaupi fengu nemendur vegabréf frá Friðarhlaupsliðinu ásamt því að skólinn fékk bolla, listaverk og viðurkenningarskjal í lokin. Þetta var vel heppnaður dagur og þökkum við kærlega fyrir að fá tækifæri til þess að taka þátt í þessu verkefni.

Hátíðarsöngstund og jólasamvera	Allir starfsmenn	Ekkert varð af þessu vegna óveðurs og skólahald lá niðri.
Öskudagur	Allir starfsmenn	Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur, nemendur og starfsfólk mættu í búningum og gerðu sér glaðan dag þar sem árgangar og stigin skelltu í uppbot og stöðvavinnu. Nemendur á leikskólastigi slógu köttinn úr tunnunni og fengu snakk í skálar.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn	Árshátíð Stapaskóla var haldin hátíðleg á sal skólans 30. og 31. mars 2023. Árshátíðin var þrískipt þar sem yngsta stig og miðstig héldu sína árshátíð að morgni 31. mars en elsta stig var með sína árshátíð um kvöldið þann 30. mars sem endaði með balli. Nemendur sýndu fjölbreytt og glæsileg atriði með leik, söng og dansi.
Þema / Þemahátíð	Allir starfsmenn	Þemadagar voru tvisvar sinnum yfir skólaárið, fóru fram á haustdögum 9. - 11. nóvember og aftur í vor, 1. – 7. júní. Þema haustsins var „Allt um heilsuna“. Nemendur á yngra stigi, 1. – 6. bekk, unnu að fjölbreyttum verkefnum sem snéru að heilsu og hugarfrelsi. Nemendur fóru á milli stöðva fyrri tvo dagana þar sem unnið var með styrkleika, fyrirmyndir, þakklæti, vináttu, fæðuhringinn, slökun, jóga og leiki. Á lokadegi þemans var foreldrum og öðrum gestum boðið í heimsókn að skoða afrakstur þemadagana ásamt því að vinna skemmtileg verkefni með börnunum sem tengdust þemanu, svo sem slökun og jóga auk þess sem unnið var með styrkleika. Gaman var að sjá hversu virkir foreldrar voru í verkefnum með börnunum sínum og áttu góða og notalega stund með þeim. Í 7. – 10. bekk var unnið með heilastöðvarnar þar sem farið var yfir hvernig helstu stöðvarnar vinna og hvernig við getum unnið okkur úr festuhugarfari yfir í vaxandi hugarfar. Einnig var unnið með Hugarfrelsi, heilsusamlegar matarvenjur, nemendur gerðu macramé lyklakippur, lærðu um stress og leiðir til þess að láta líða úr sér ásamt því að stunda jóga og hreyfingu. Einnig var unnið með Jól í skókassa þar sem allt grunnskólastigið lagðist á eitt og safnaði í skókassagjafir sem

		nemendur tóku saman í kassana og pökkuðu þeim inn. Í ár fóru gjafirnar til barna í Úkraínu og endaði skólinn á því að við sendum frá okkur 104 skókassa. Þema vordaga var „Ævintýra- og sagnaheimur bókmennta“. Nemendur fengu á velja sér stöð eftir áhugasviði. Stöðvarnar sem voru í boði voru Hetjuheimur Astrid Lindgren, Ævintýraheimur H. C. Andersen, Sagnaheimur Torbjörns Egner, Galdraheimur Harry Potters og Krakkaheimur Gunnars Helgasonar. Margskonar verkefni voru unnin á hverri stöð fyrir sig, eins og t.d. töfrasprotu, myndakassar, ævintýrafigúrur, myndbönd, búningar og margt fleira. Auk þess sem hægt var að vera í fréttablaði skólans þar sem rafrænt fréttablað var búið til fyrir gesti þemasýningarinnar, leiklist þar sem nemendur léku sögupersónur úr ævintýrum höfundanna, bakstri þar sem nemendur bökuðu góðgæti frá öllum heimsálfum sem var svo selt á þemasýningunni, fatamarkaði nemanda auk þess sem allar stöðvar æfðu sömu lögin fyrir þemasýninguna. Einnig var hægt að aðstoða á leikskólastigi. Þemadögum lauk með þemasýningu fyrir foreldra og aðra aðstandendur nemenda, þar sem gengið var hér um skólann og þemadagsverk nemanda skoðuð, hægt var að horfa á nemendur leika ævintýrapersónur, hlusta á kór nemenda, bragða sér á góðgæti frá bakstursstöðinni og versla á fatamarkaði nemanda sem settur var upp eftir verkefnavinnu tengda umhverfismálefnum. Allur ágóði af sölunni rann svo til Unicef. Í lok hátíðar stigu Jón Arnór og Baldur á stökk og skemmtu nemendum og gestum hátíðarinnar og vöktu þeir mikla lukku. Hátíðinni lauk með grilluðum pylsum frá Skólamat sem foreldrafélagið sá um að grilla. Almenn ánægja var með þemadagana bæði hjá starfsfólki og nemendum, í fyrravetur óskaði starfsfólkið eftir því að fá fleiri daga í þemað sem stjórnendur urðu við og vakti það mikla ánægju.
--	--	---

Sumarhátíð	Starfsmenn leikskólans	Sumarhátíð leikskólastigs fór fram 7. júní þar sem hoppukastalar voru í boði foreldrafélagsins vöktu mikla lukku. Einnig settu starfsfólk leikskólans upp stöðvar þar sem hægt var að kríta, blása sápuvélur, mála með vatni, fara í fótbolta og að smíða.
Skólaslit	Allir starfsmenn	Skólaslit Stapaskóla voru miðvikudaginn 7. júní og fimmtudaginn 8. júní. Nemendum var þrískipt. Nemendur í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk mættu kl. 09:00 og nemendur í 2., 4., 6. og 8. bekk mættu kl. 10:30. Að lokinni athöfn á sal fóru nemendur í tvenndirnar sínar með umsjónarkennurum þar sem lesin voru upp hrósskjöl og vitnisburður afhentur. Foreldrar og forráðamenn voru velkomnir á skólaslitin. Nemendur úr 10. bekk voru útskrifaðir við hátíðlega athöfn á sal skólans 7. júní. Athöfnin hófst kl. 17:00 þar sem viðurkenningar voru veittar fyrir góðan árangur, hrósskjöl lesin upp og vitnisburður afhentur. Foreldrar og aðrir aðstandendur voru hjartanlega velkomnir og í lokin var boðið upp á kaffiveitingar.
Brúum bilið	Stjórnendur og þeir sem koma að verkefninu	Lögð var áhersla á samvinnu á milli leikskólastigs skólans og 1. og 2. bekkjar. Nemendur leikskólastigs Stapaskóla komu í nýbyggingu í íþróttir og smiðjur og nokkrum sinnum í heimsókn í 1. bekk, komu t.d. í kennslustundir, í nesti og frímínútur auk þess sem þau tóku þátt í íþróttadegi og þemadögum. Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra nemenda sem hefja nám í 1. bekk í haust var haldin um miðjan júní. Aðrir leikskólar í Reykjanesbæ fengu boð um að koma í heimsókn og skoða skólann með tilvonandi nemendum Stapaskóla. Margar fjölskyldur nýttu sér það og komu börnin þá í fylgd með foreldrum og deildarstjóri yngra stigs sýndi skólabygginguna og sagði frá helstu atriðum. Erum ánægð með þetta fyrirkomulag og munum leggja áherslu á samvinnu á milli leikskólastigs skólans og 1. og 2. bekkjar.

Samtalsdagur í október	Kennarar	Miðvikudaginn 5. október var foreldrum boðið á foreldrafund í skólann. Fyrirkomulagið á grunnskólastigi var með þeim hætti að hver tvennd var með sameiginlegan fund um helstu áherslur skólans og árgangsins. Fundurinn hófst kl. 11:00 og stóð til kl. 12:00. Nemendur mættu í skólann frá kl. 8:30 – 10:00 þann daginn. Á leikskólastigi var foreldrafundur kl. 18:00 í sal Staphallar þar sem námsefni vetrarins var kynnt. Í lok fundar, kl. 19:00, var aðalfundur foreldrafélagsins.
Samtalsdagur í janúar	Kennarar	Foreldrum boðið að koma í skólann til að eiga samtal við kennara ásamt barninu sínu. Einnig var boðið upp á samtal í gegnum fjarfundabúnað fyrir þá sem ekki komust á staðinn af einhverjum ástæðum. Mæting foreldra var góð og almenn ánægja með fyrirkomulagið. Vilji allra að halda samtalsdegi óbreyttum.
Lestrarsprettur í október og febrúar	Kennarar	Hver árangur hafði sinn lestrarsprett. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni prýddu veggj skólastofu hvers árgangs.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Nemendur á grunnskólastigi bjuggu til atriði sem voru sýnd á sal skólans. Nemendur í 3. – 6. bekk fluttu atriði sín á sal skólans kl. 8:45 auk þess sem sigurvegarar Stóru upplestrarkeppninnar lásu sitt hvort ljóðið. Nemendur á unglingastigi áttu samveru í fjölnotasal þar sem 7. bekkur söng eitt lag og sýning á myndbandsljóðum um samskipti unglingastig voru sýnd. Nemendur 8. bekkjar afhentu 7. bekk kefli Stóru upplestrarkeppninnar. Elstu nemendur leikskólastigs hlýddu á Höllu Karen lesa Ávaxtakörfuna ásamt nemendum í 1. og 2. bekk. Á leikskólastigi var afmælisdagur Lubba haldin hátíðlegur. Lubbi fékk afmælistórónu og afmælisöng og nemendur leikskólans fengu saltstangir. Þetta fyrirkomulag er gott og ánægjulegt. Smásögur, ljóð og ljóðgerð mættu hafa aukið vægi á þessum viðburði.
Bóndadagur	Leikskólastig	Þá var pöbbum og öfum boðið í heimsókn í leikskólann í kaffi og kleinur. Einnig fengu þeir sem vildu smá smakk af þorramat.

Konudagur	Leikskólastig	Þá buðum við mömmum og ömmum í kaffi og kleinur. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins þannig að börnin voru búin að búa til blóm til að gefa mömmu eða ömmu.
Stóra upplestrarkeppnin	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eldra stigs og deildarstjóri eldra stigs	Keppnin gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd og ásýnd keppinnar. Undirbúningur hófst formlega á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Nemendur fluttu ljóð sem þeir völdu sjálfir og brot úr sögu sem kennararnir völdu. Tveir nemendur komust áfram í lokakeppnina sem haldin er á Reykjanesi. Dómarar í skólakeppninni í ár voru Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla, og Haraldur Axel Einarsson, grunnskólafulltrúi Reykjanesbæjar og Valgerður Guðbjörnsdóttir deildarstjóri við Stapaskóla. Allir keppendur fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna. Foreldrum var boðið á viðburðinn ásamt nemendum í 6. bekk, hátíðin gekk mjög vel og var einstaklega skemmtilegt að getað boðið foreldrum á hátíðina.
Litla upplestrarhátíðin	Deildarstjóri yngsta stigs	Hátíðin var haldin í byrjun maí og gekk vel. Allir nemendur árgangsins fyrir utan einn tóku þátt og voru búnir að vera duglegir að æfa sig. Nemendur fluttu margskonar texta, bæði ljóð og sögur og lásu ýmist einstaklingslega eða sem hluti af hóplestri. Hátíðin var haldin í fjölnotasal skólans og foreldrum var boðið að koma og hlýða á. 3. bekk var einnig boðið að koma á viðburðinn. Gekk mjög vel og sérstaklega ánægjulegt að foreldrar skyldu vera viðstaddir.

9. Umbótaáætlun

Á grunni þessarar sjálfsmatsskýrslu er unnin áætlun um aðgerðir og umbætur til þriggja ára. Sú áætlun verður gerð aðgengileg á heimasíðu skólans og kynnt starfsfólki að hausti 2023.

10. Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mati á þeim og tillögum til úrbóta þar sem við á. Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Reykjanesbær, júní 2023

Gróa Axelsdóttir, skólastjóri

Jón Haukur Hafsteinsson, aðstoðarskólastjóri

Pálína Hildur Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri